



21. október 2025

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 3F 2025

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2025

- Tekjur á þriðja ársfjórðungi (3F) 2025 námu 7.062 m.kr. samanborið við 6.955 m.kr. á sama tímabili 2024 og jukust um 1,5%. Tekjur af fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu lækkuðu samtals um 1,1% milli tímabila. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 609 m.kr. samanborið við 540 m.kr. á sama tíma í fyrra sem samsvarar aukningu um 12,8%.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.848 m.kr. á 3F 2025 og lækkaði um 67 m.kr. eða 3,5% frá sama tímabili fyrra árs. EBITDA hlutfallið er 26,2% á 3F 2025 en var 27,5% á sama tímabili 2024. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 1.025 m.kr. á 3F 2025 samanborið við 864 m.kr. á sama tímabili 2024 og jókst þannig um 18,6%.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 245 m.kr. á 3F 2025 en námu 292 m.kr. á sama tímabili 2024. Fjármagnsgjöld námu 486 m.kr., fjármunatekjur voru 240 m.kr. og gengishagnaður nam 1 m.kr.
- Hagnaður á 3F 2025 nam 622 m.kr. samanborið við 449 m.kr. hagnað á sama tímabili 2024. Hagnaður á hlut nam 0,26 kr. á fjórðungnum samanborið við 0,18 kr. á sama tímabili fyrra árs.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 19,0 ma.kr. í lok 3F 2025, en voru 17,2 ma.kr. í árslok 2024. Handbært fé í lok 3F 2025 nam 1.116 m.kr., en var 835 m.kr. í árslok 2024. Bókfært virði útlánasafns Símans Pay var 4,6 ma.kr. í lok 3F 2025. Hreinar vaxtaberandi skuldir / 12M EBITDA¹ í lok 3F 2025 var 1,75.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 40,3% í lok 3F 2025 og eigið fé 17,1 ma.kr.

¹ 12M EBITDA 3F 2025 er leiðrétt fyrir 461 m.kr. vegna dómsmála.



María Björk Einarsdóttir, forstjóri:

„Fjórðungurinn einkenndist af traustum rekstri, vexti í afkomu og sókn nýrra tekjustoða. Rekstrarhagnaður eykst umtalsvert frá fyrra ári og sjóðstreymi af rekstrinum er sterkt. Vel heppnuð endurfjármögnun til viðbótar við sterkan efnahagsreikning Símans mynda traustan grunn undir áframhaldandi sókn samstæðunnar á komandi misserum.

Tekjur aukast í farsíma og auglýsingasölu frá fyrra ári auk þess sem fjártækni drífur áframhaldandi vöxt annarra tekjuþátta. Auglýsingatekjur í umhverfis- og sjónvarpsmiðlum jukust um tæplega 13% á milli ára. Þá hefur Síminn samið um sölu og þjónustu á Starlink gervihnattalausnum til fyrirtækja í gegnum dótturfélagið Radíómiðun í takt við áherslu á öfluga vöruþróun á fyrirtækjamarkaði, en lausnirnar hafa hlotið góðar viðtökur.

Tekjur af sjónvarpsþjónustu dragast saman um 5% milli ára, en um helming má rekja til þess að samkeppnisaðili hætti að endurselja Sjónvarp Símans Premium. Samdrátturinn er í takt við það sem gert var ráð fyrir við brotthvarf enska boltans en kostnaður hefur þó lækkað umfram tekjuáhrifin eins og spár okkar gerðu ráð fyrir.

Síminn hefur gætt réttar síns af festu í þessum eignum undanfarna mánuði og jákvætt er að niðurstöður stjórnvalda hingað til gefa til kynna að jafnt verði látið yfir alla ganga þegar kemur að flutningsrétti línulegs efnis.

Raunveruleikaefni úr smiðju Hayu hefur náð milljón spilunum á sjónvarpskerfi Símans frá innleiðingu síðsumars og á annan tug þúsunda viðskiptavina hafa virkjað áskrift að HBO Max veitunni sem nú er innifalin í Sjónvarpi Símans Premium. Framboð vandaðs innlends sjónvarpsefnis hefur aldrei verið meira og enn á eftir að frumsýna tvær íslenskar þáttaraðir á árinu. Niðurstöður nýlegrar könnunar Maskínu eru afdráttarlausar um að Sjónvarp Símans Premium sé talin besta innlenda sjónvarpsveitan og markmiðið að sækja enn frekar fram á komandi misserum.

Síminn lauk nýlega endurfjármögnun á bankalánum sínum, en samningurinn er til fjögurra ára og tryggir hagstæðari kjör og aukið aðgengi að fjármagni.

Í takt við áherslu á áframhaldandi vöxt verður nú hafist handa við undirbúning að breyttu skipulagi samstæðunnar. Þannig verður fjarskipta- og miðlarekstur félagsins færður í nýtt dótturfélag, en hlutverk móðurfélagsins verður að styðja við vöxt og þróun samstæðunnar og veita rekstrarfélögum stoðþjónustu. Breytingarnar auka yfirsýn yfir stærð og afkomu rekstrareininga, auka gagnsæi gagnvart fjárfestum og greiða fyrir nýjum vaxtartækifærum.

Markmiðið til lengri tíma er að skapa öfluga samstæðu félaga í stafrænni þjónustu, sem getur sinnt fjölbreyttum þörfum fólks og fyrirtækja á enn breiðara sviði.“



Helstu niðurstöður úr rekstri

Rekstur

Heildartekjur á 9M 2025 námu 21.431 m.kr. samanborið við 20.401 m.kr. á sama tímabili 2024, sem er 5,0% vöxtur milli ára. Sé horft til farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu er tekjuvöxtur 1,2%.

Tekjur af farsíma námu 5.265 m.kr. og hækkuðu um 150 m.kr. eða 2,9% á milli ára. Tekjur af gagnaflutningi námu 6.221 m.kr. og hækkuðu um 8 m.kr. eða 0,1% á milli ára. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 5.385 m.kr. og hækkuðu um 40 m.kr. eða 0,7% á milli ára. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 1.776 m.kr. og hækkuðu um 528 m.kr. á milli ára. Munar þar mestu um tekjur Billboard sem námu 370 m.kr. á 1F 2025, en félagið varð hluti af samstæðu í byrjun 2F 2024. Tekjur af vörusölu námu 1.121 m.kr. og drógust saman um 66 m.kr. eða 5,6% á milli ára. Tekjur af öðrum rekstri námu 1.663 m.kr. og hækkuðu um 370 m.kr. á milli ára sem skýrist aðallega af vaxandi tekjum af fjártækni.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 13.000 m.kr. og hækkaði um 127 m.kr. eða 1,0% frá sama tímabili 2024. Rekstrarkostnaður nam 5.825 m.kr. og hækkaði um 228 m.kr. eða 4,1% frá sama tímabili 2024.

EBITDA aðlöguð fyrir sektar- og bótagreiðslu nam 5.505 m.kr. samanborið við 5.076 m.kr. á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 2.606 m.kr. aðlagð fyrir sektar- og bótagreiðslu samanborið við 1.931 m.kr. á sama tímabili fyrra árs.

Hagnaður tímabilsins nam 971 m.kr. samanborið við 864 m.kr. á sama tímabili fyrra árs.

Afskriftir félagsins námu 2.899 m.kr. samanborið við 3.145 m.kr. á sama tímabili árið 2024 og lækka um 246 m.kr. á milli tímabila.

Rekstrarreikningur	9M 2025	9M 2024	Breyting	%
Sala	20.908	19.898	1.010	5,1%
Kostnaðarverð sölu	(13.000)	(12.873)	(127)	1,0%
Framlegð	7.908	7.025	883	12,6%
Aðrar rekstrartekjur	523	503	20	4,0%
Rekstrarkostnaður	(5.825)	(5.597)	(228)	4,1%
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	(461)	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.145	1.931	214	11,1%
<i>EBIT hlutfall</i>	<i>10,0%</i>	<i>9,5%</i>	<i>0,5%</i>	<i>5,7%</i>
Fjármunatekjur	670	539	131	24,3%
Fjármagnsgjöld	(1.493)	(1.346)	(147)	10,9%
Hrein fjármagnsgjöld	(823)	(807)	(16)	2,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.322	1.124	198	17,6%
Tekjuskattur	(351)	(260)	(91)	35,0%
Hagnaður	971	864	107	12,4%
<i>Hagnaður á hlut</i>	<i>0,40</i>	<i>0,34</i>	<i>0,06</i>	<i>17,6%</i>
EBITDA	5.044	5.076	(32)	-0,6%
<i>EBITDA hlutfall</i>	<i>23,5%</i>	<i>24,9%</i>	<i>-1,3%</i>	<i>-5,4%</i>
Aðlagð fyrir stjórnvaldssekt og skaðabótum				
Aðlagð EBITDA	5.505	5.076	429	8,5%
Aðlagð EBITDA hlutfall	25,7%	24,9%	0,8%	3,2%
Aðlagð EBIT	2.606	1.931	675	35,0%
Aðlagð EBIT hlutfall	12,2%	9,5%	2,7%	28,5%



Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 5.063 m.kr. á 9M 2025 samanborið við 5.122 m.kr. á 9M 2024. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum á 9M 2025 námu 349 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 4.714 m.kr. á 9M 2025 samanborið við 4.823 m.kr. á 9M 2024. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 3.778 m.kr. á 9M 2025 samanborið við 3.842 m.kr. á 9M 2024.

Aðlagð fyrir gjaldfærslu vegna dómsmála á 1F 2025 var handbært fé án vaxta og skatta 5.175 m.kr., en 4.273 m.kr. eftir vexti og skatta.

Á 1F 2025 keypti Síminn lánasafn sem hefur áhrif á fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar á því tímabili. Á 1F 2024 keypti Síminn Billboard sem hefur áhrif á sömu liði.

Sjóðstreymi	9M 2025	9M 2024
Rekstrarhagnaður	2.145	1.931
Afskriftir	2.899	3.145
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	19	46
Samtals rekstrarhreyfingar	5.063	5.122
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(349)	(299)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.714	4.823
Innborgaðir vextir	649	505
Greiddir vextir	(1.389)	(1.114)
Greiddir skattar	(196)	(372)
Handbært fé frá rekstri	3.778	3.842
Fjárfestingarhreyfingar	(3.143)	(6.759)
Fjármögnunarhreyfingar	(344)	2.259
Breytingar á handbæru fé	291	(658)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(10)	(4)
Handbært fé í byrjun tímabilsins	835	1.810
Handbært fé í lok tímabilsins	1.116	1.148

Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins námu 42.491 m.kr. í lok 3F 2025 en voru 41.182 m.kr. í lok árs 2024.

Vaxtaberandi skuldir að leigu-skuldbindingum meðtöldum voru 18.955 m.kr. í lok 3F 2025 samanborið við 17.168 m.kr. í lok árs 2024. Handbært fé í lok 3F 2025 nam 1.116 m.kr. samanborið við 835 m.kr. í lok árs 2024. Hreinar vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til útlána Símans Pay voru 13.241 m.kr. í lok 3F 2025 samanborið við 13.021 m.kr. í árslok 2024.

Eigið fé félagsins nam 17.111 m.kr. í lok 3F 2025 og eiginfjárhlutfall félagsins var 40,3%.

Efnahagsreikningur	30.09.2025	31.12.2024	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.671	3.543	128	4%
Leigueignir	1.653	1.844	(191)	-10%
Óefnislegar eignir	25.389	26.243	(854)	-3%
Aðrar eignir	1.119	638	481	75%
Fastafjármunir	31.832	32.268	(436)	-1%
Birgðir	1.296	1.339	(43)	-3%
Viðskiptakröfur	2.385	2.503	(118)	-5%
Útlán	4.166	3.204	962	30%
Aðrar skammtímakröfur	1.696	1.033	663	64%
Handbært fé	1.116	835	281	34%
Veltufjármunir	10.659	8.914	1.745	20%
Eignir samtals	42.491	41.182	1.309	3%
Eigið fé	17.111	18.116	(1.005)	-6%
Eigið fé	17.111	18.116	(1.005)	-6%
Vaxtaberandi skuldir	15.122	12.733	2.389	19%
Leiguskuldbindingar	1.382	1.571	(189)	-12%
Tekjuskattsskuldbinding	501	686	(185)	-27%
Langtímaskuldir	17.005	14.990	2.015	13%
Vaxtaberandi skuldir	1.635	2.084	(449)	-22%
Viðskiptaskuldir	3.706	3.760	(54)	-1%
Næsta árs afborganir	816	780	36	5%
Aðrar skammtímaskuldir	2.218	1.452	766	53%
Skammtímaskuldir	8.375	8.076	299	4%
Eigið fé og skuldir samtals	42.491	41.182	1.309	3%



Horfur fyrir árið 2025

Afkomuspá fyrir EBITDA og EBIT var lækkuð um 400 m.kr. þann 24. febrúar sl. eftir dóm Hæstaréttar, en að öðru leyti eru forsendur afkomuspár ársins óbreyttar.

Sýningarréttur á HBO efni hækkar fjárfestingar sem rúmast innan spábils.

Spá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir eftirtöldu:

- EBITDA verði á bilinu 6,6 til 7,0 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 3,2 til 3,6 ma.kr.²
- Fjárfestingar verði á bilinu 2,8 til 3,1 ma.kr.

Kynningarfundur 22. október 2025

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 22. október 2025 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Hjörtur Þór Steindórsson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í streymi á vefslóðinni: www.siminn.is/fjarfestakynning-2025.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal 2025

Ársuppgjör 2025	17. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	12. mars 2026

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans (maria@siminn.is)

Hjörtur Þór Steindórsson, fjármálastjóri Símans (hjortur.steindorsson@siminn.is)

² Án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum.